

**Sp.**

**253. Þingsályktun**

um aukinn styrk og lánsheimild til flóabáta.

(Afgreidd frá Sp. 29. maí).

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni:

1. að hækka styrk þann, sem ákveðinn er í gildandi fjárlögum til Langanessbáts, um alt að 12 þús. kr. á ári, og gangi 1 eða 2 bátar frá Sauðárkróki til Seyðisfjarðar, með viðkomu í Grimsey, er sju eigi minni til samans en 80 smálestir og haldi uppi ferðum til miðs nóvembers, og enn fremur hækka styrkinn til bátsferða um Ísafjarðardjúp upp í alt að 9 þús. kr. á ári.
2. að veita 8500 kr. viðbótarstyrk til Breiðafjarðarbáts, vegna vetrarferða 1917—1918.
3. að lána alt að 90 þús. kr. til kaupa á Húnaflóabát.